



# Tilnefnd til Myndlistarverðlauna

## Sex listamenn eru tilnefndir til Íslensku myndlistarverðlaunanna

Ákveðið hefur verið hvaða myndlistarmenn eða myndlistartvíeyki eru tilnefndir til Íslensku myndlistarverðlaunanna sem Myndlistarmaður ársins. Það eru þau Haraldur Jónsson, Margrét H. Blöndal, Libia Castro og Ólafur Ólafsson, og Selma Hreggviðsdóttir og Sirra Sigrún Sigurðardóttir.

Þá eru þrjú myndlistarmenn tilnefndir til Hvatningarverðlauna ársins, þau Andreas Brunner, Guðlaug Mía Eyþórsdóttir og Una Björg Magnúsdóttir.

Verðlaunin verða afhent 25. febrúar næstkomandi og þá verður einnig, í fyrsta skipti, veitt sérstök heiðursviðurkenning og viðurkenning vegna myndlistarútgáfu á líðnu ári.

Myndlistarráð stendur nú í fjórða skipti að úthlutun Íslensku myndlistarverðlaunanna en markmiðið er að heiðra íslenska myndlistarmenn, eða myndlistarmenn sem búsettir eru á Íslandi, og vekja athygli á því sem vel er gert, jafnframt því að hvetja til nýrrar listsköpunar.

Verðlaunin Myndlistarmaður ársins eru veitt myndlistarmanni sem þykir hafa skarað fram úr með nýlegum verkum og sýningu á Íslandi á síðastliðnu myndlistarári. Hvatningarverðlaun verða veitt starfandi myndlistarmanni sem nýlega hefur komið fram á sjónarsviðið og vakið athygli með verkum sínum. Almennur, myndlistarmenn og fræðimenn á sviði myndlistar tilnefna til verðlaunanna og myndlistarráði barst að þessu sinni 171 innsend tilnefning. Við val á verðlaunahöfum hefur dómnefnd í huga að verk myndlistarmanna skari fram úr og að viðkomandi séu fulltrúar þess sem best er gert á sviði íslenskrar samtímamyndlistar.

Hin nýja Heiðursviðurkenning fellur í skaut starfandi myndlistarmanns fyrir heildarframlag hans til íslenskrar myndlistar. Viðurkenning



**Haraldur Hann** er tilnefndur fyrir sýninguna *Ljósavél* í BERG Contemporary þar sem helstu höfundareinkenni hans „kjarnast á óvæntan hátt“.



**Margrét** Tilnefnd fyrir sýninguna *Loftleikur* í i8, þar sem sjá mátti áhuga-verða birtingarmynd listsköpunar Margrétar, sem hefur vaxið og dafnað.



**Libia & Ólafur** Tvíeykið er tilnefnt fyrir hið marglaga *Í leit að töfrum*, „áræðið og úthugsað þátttökuverk sem varpar ljósi á mátt listarinnar“.



**Selma og Sirra Sigrún** Þær eru tilnefndar fyrir *Ljósavaka* í galleríinu BERG Contemporary, verk sem opna „ljóstöfra og furðuveröld bergkristala“.



**Haraldur Jónsson**



**Margrét H. Blöndal**



**Libia Castro**



**Ólafur Ólafsson**

fyrir útgefið efni, hvort heldur sem er í prentuðu eða stafrænu formi, er veitt stofnun, einstaklingi eða fyrirtæki sem staðið hefur að framlagi sem talið er hafa mikilvægt gildi fyrir kynningu og rannsóknir á ís-

lenskri myndlist. Myndlistarráð tekur ákvörðun um hverjir hljóta viðurkenningar, en í ráðinu situr fulltrúi frá mennta- og menningarráðuneyti, Listasafni Íslands og Listfræðafélagi Íslands ásamt



**Sirra Sigrún Sigurðardóttir og Selma Hreggviðsdóttir**

fulltrúum Sambands íslenskra myndlistarmanna.

### Ólíkar sýningar tilnefndar

Haraldur Jónsson er tilnefndur fyrir sýninguna *Ljósavél* í galleríinu BERG Contemporary en sýningin stendur enn yfir. Í umsögn valnefndar segir: „Haraldur Jónsson (f. 1961) á að baki langan listferil sem spannar þrjú áratugi og marga miðla en nýverið var haldin yfirgripsmikil yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum hvar horft var yfir farin veg. Í sýningunni *Ljósavél* birtast ný verk þar sem helstu höfundareinkenni listamannsins kjarnast á óvæntan hátt, í senn sem úrvinnsla ferilsins og uppbrot nýrra hugmynda.“

Margrét H. Blöndal (f. 1970) er tilnefnd fyrir sýninguna *Loftleikur* í i8 Gallerí. Sýningin er sögð „áhuga-verð birtingarmynd listsköpunar Margrétar sem hefur verið að vaxa og dafna í þrjú áratugi í list sinni, ætíð í fullu samræmi við það sem á undan er farið. Ósýnilegur litríkur þráður gengur í gegnum öll hennar verk, allar hennar sýningar. Að þessu sinni tókst hún á við nokkuð hefðbundið sýningarrými, hvíta kassann, með áhugaverðum árangri en rýmið er ætíð hluti af verkum hennar.“

Libia Castro (f. 1970) og Ólafur Ólafsson (f. 1973) eru tilnefnd fyrir verkið *Í leit að töfrum – Tillaga að nýrri stjórnarskrá fyrir Lýðveldið Ísland*, í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi og á götum úti við Stjórnarráð og Alþingi Íslands, 3. okt. síðastliðinn í samstarfi við tónlistar- og myndlistarháttina Cycle og Listahátíð í Reykjavík. Í umsögn segir að þessi stóri myndlistarviðburður sem þau sviðsettu sé „fjölradda tónlistar- og myndlistargjörmingur við hundrað og fjórtán greinar nýrrar stjórnarskrár Íslands sem kosið var um í október 2012 og nær tveir þriðju hlutar sam-

þykktu. Áræðið og úthugsað þátttökuverk sem varpar ljósi á mátt listarinnar og efnir til umræðu um sjálfan grunn samfélagsáttmálans.“

Selma Hreggviðsdóttir og Sirra Sigrún Sigurðardóttir eru tilnefndar fyrir sýninguna *Ljósavaki* í gallerí BERG Contemporary. Um hana segir að þær Selma (f. 1983) og Sirra Sigrún (f. 1977) hafi unnið „að markverðri sýningu, *Ljósavaki*, í gallerí Berg Contemporary í Reykjavík snemma árs 2020. Sýningin samanstendur af litlum og stórum ljósmyndum og myndbandsverkum á skjám. Verkin opna fyrir okkur ljóstöfra og furðuveröld bergkristala er finnst í Helgustaðanámu við Eskifjörð.“

### Tilnefnd til Hvatningarverðlauna

Andreas Brunner er tilnefndur til Hvatningarverðlaunanna fyrir sýninguna *Ekki brotlent enn*, sýningu D41 í D-sal Listasafns Reykjavíkur Hafnarhúss, sýningarstjóri var Markús Þór Andrésson.

Guðlaug Mía Eyþórsdóttir er tilnefnd til Hvatningarverðlaunanna fyrir sýninguna *Milli hluta* í Listasal Mosfellsbæjar.

Og Una Björg Magnúsdóttir er tilnefnd fyrir sýninguna *Mannfjöldi hverfur sporlaust um stund*, D40, í D-sal Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúss, sýningarstjóri Aldís Snorradóttir.

Dómnefnd Íslensku myndlistarverðlaunanna skipa að þessu sinni

Helgi Þorgils Friðjónsson, sem er formaður dómnefndar og jafnframt Myndlistarráðs, Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, Helga Óskarsdóttir, Valur Brynjar Antonsson og Þorbjörg Jónsdóttir.



**Andreas Brunner**



**Guðlaug Mía Eyþórsdóttir**



**Una Björg Magnúsdóttir**